



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 1. apríl 2008  
Tilvísun: UST20080300112/bs

### Núpanáma í Ölfusi.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að taka úr námunni á næstu tíu árum um  $115.000 \text{ m}^3$  á 4,5 ha svæði. Náman er í setlagahjalla og er vinnsluhæð rúmlega 4 m. Efnistökusvæði er að mestu í mólendi sem einkennist af graslendi og grásríkum mosagróðri. Ekki er talið að efnistakan muni hafa veruleg áhrif á fuglalif og þau gróðurfélög sem raskast eru öll algeng í nágrenni námunnar. Ráðgert er að ganga frá námunni í áföngum á sambærilegan hátt og gert hefur verið á eldri hluta námunnar. Síðustu ár hefur einungis verið unnið efni til vegagerðar í námunni. Umgengni um námuna hefur verið góð. Sjónræn áhrif efnistökunnar verða væntanlega helst vegna malarvinnslu og haugsetningar. Við frágang mætti hugað að því að brjóta bakka a.m.k. í 1:6 ef ekki kemur til haugsetningar efnis í námunni. Að teknu tilliti til ofangreindra etriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfylgst  
Björn Stefánsson

Hjalti J Guðmundsson